



Hafnarfjörður

VSÓ RÁÐGJÖF



DEILISKIPULAG UNDIRHLÍÐANÁMU Í HAFNARFIRÐI

Tillaga | Greinargerð

Ágúst 2026



1	INNGANGUR	1
1.1	Deiliskipulag og gögn	1
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	1
2.1	Efnispörf í Hafnarfirði	1
2.2	Skipulagssvæðið	2
2.3	Aðkoma og umferð	2
2.4	Reykjanesfólkvangur	2
2.5	Fornleifar	3
2.6	Jarðminjar	4
2.7	Útivist	5
2.8	Eignarhald	5
2.9	Háspennulína	5
3	Leyfi sem framkvæmdin er háð	5
4	Gildandi skipulagsáætlanir og tengsl við aðrar áætlanir	6
4.1	Aðalskipulag Hafnarfjarðar	6
4.2	Deiliskipulag	6
5	DEILISKIPULAGSTILLAGAN	6
5.1	Efnistaka	6
5.2	Færsla vegar og aðkoma	8
5.2.1	<i>Efnisflutningur og umferð</i>	9
5.3	Reið- og gönguleiðir	9
5.4	Fornleifar	10
5.5	Vatnshlot og vatnsvernd	10
5.6	Hljóðvist	13
5.7	Framkvæmdatími	13
5.8	Frágangur	13
6	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	14
7	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	17
8	Heimildir	17



1 INNGANGUR

Deiliskipulagið nær til efnistökusvæðis í landi Hafnarfjarðarbæjar við Undirhlíðar. Svæðið er skilgreint sem efnistökusvæði (E) í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013–2025 og sem E-1 í tillögu að nýju aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2025–2040. Samkvæmt tillögu að aðalskipulagi er heimilt að vinna allt að 5.000.000 m³ úr námunni til viðbótar því sem hefur verið unnið. Norðurhluti efnistökusvæðisins hefur verið nýttur til efnistöku á árunum 1984–2009.

Svæðið er innan marka Reykjanesfólksvangs og innan vatnsverndarsvæðis. Því gilda sérstakar kröfur um framkvæmd, vöktun og leyfisveitingar.

Efnistaka í Undirhlíðanámu er matsskyld skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla Hafnarfjarðarbæjar (2025) og álit Skipulagsstofnunar, dags. 4.2.2026.

Samkvæmt heildarmati á tiltæku magni (Alta, 2002) er áætlað að unnt sé að vinna allt að 4,8 – 5,8 milljónir m³ af föstu efni innan efnistökusvæðis sunnan Leiðarendavegar.

Markmið með gerð deiliskipulagsins er að skerpa á heimildum fyrir efnistöku og skipulagsskilmálum í samræmi við stefnu aðalskipulags Hafnarfjarðar, umhverfismatsskýrslu og álit HMS. Áherslur skipulagsins eru að afmarka efnistökusvæði, umfang efnistöku, áfangaskiptingu, tillögu að færslu Leiðarendavegar, aðkomu að efnistökusvæðinu og skilmála um vinnslu, mótvægisáðgerðir, vöktun, frágang og nýtingu námunnar.

Með gildistöku deiliskipulagsins mun deiliskipulag fyrir Undirhlíðar, sem var samþykkt 2006 m.s.br., falla úr gildi.

1.1 Deiliskipulag og gögn

Deiliskipulag Undirhlíðanámu samanstendur af:

- Deiliskipulagsuppdrætti í mkv. 1:3.500, dags. ágúst 2026.
- Greinargerð, dagsett í ágúst 2026.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1 Efnispörf í Hafnarfirði

Talsvert hefur gengið á efnistökusvæði á undanförunum árum í Hafnarfirði. Vöxtur Hafnarfjarðar, uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og framkvæmdir við samgöngu-, hafnar- og orkuinnviði kalla á verulega þörf fyrir jarðefni á komandi árum. Eftir valkostagreiningu er það niðurstaða Hafnarfjarðar að stefna að því að stækka núverandi námur, þ.e. Rauðamelsnámu og Undirhlíðarnámu í stað þess að opna ný svæði. Efni úr Rauðamelsnámu mun nýtast í stækkun á Straumsvíkurhöfn og því er nauðsyn að stækka Undirhlíðar til að svara efnispörf annarra innviða uppbygginga.

Að mati Hafnarfjarðarbæjar verður starfseminni ekki fundinn annar staður sem þjónar sama tilgangi með sambærilegum hætti, enda er náman vel staðsett með tilliti til fyrirhugaðrar uppbyggingar í Hafnarfirði, vegtenginga og þeirra jarðefnagæða sem eru þar fyrir hendi, eins og bólstrabergs sem nýtist vel í fyllingar undir byggingar og vegi. Með því að nýta núverandi námusvæði er einnig verið að draga úr raski á óröskuðum svæðum og úr umhverfisáhrifum sem annars myndu fylgja opnun nýrrar námu. Að mati Hafnarfjarðarbæjar er óhjákvæmilegt að raska hrauni til að sækja efni fyrir margvíslegar



framkvæmdir sem tengjast stækkandi byggð. Brýn nauðsyn er að mæta þörfum samfélagsins til búsetu og atvinnu og eru stækkuð efnistökusvæði hluti af því¹.

Í samræmi við komandi hættumat Veðurstofu Íslands er mikilvægt að gera ráð fyrir mögulegri þörf á varnargörðum í Hafnarfirði. Talsverð efnisþörf kann að verða með tilkomu slíkra framkvæmda. Þá er það stefna Hafnarfjarðar að unnt verði að nýta námur til geymslu á efni vegna varnarmannvirkja.

2.2 Skipulagssvæðið

Deiliskipulagið tekur til svæðis við Undirhlíðanámu við Leiðarendaveg í um 6 km fjarlægð frá þéttbýlinu í Hafnarfirði. Stærð efnistökusvæðisins er 42,2 ha í tillögu að aðalskipulagi, en stærðin er 38,4 ha í deiliskipulagstillögunni til að taka tillit til niðurstöðu umhverfismats og álits HMS.

Svæðið er hluti af móbergsbeltum á Reykjanesskaga og liggur í aflíðandi hlíðum Undirhlíða. Svæðið einkennist af móbergshryggjum með ávölum hlíðum, misgengjum og dalverpum, en efsti hluti Undirhlíða nær um 170 m yfir sjávarmáli. Gróður er mestmegnis að finna í vestur- og austurhluta hlíðanna, en toppur hlíðanna er að mestu gróðurlaus melur með melgróðri og hnullungaskriðum.

Skipulagssvæðið liggur innan marka Reykjanesfólkvangs og innan vatnsverndarsvæðis, sem er að stærstum hluta fjarsvæði en nyrsti hlutinn er á grannsvæði. Ekki er gert ráð fyrir efnistöku innan grannsvæðisins.

Hluti deiliskipulagssvæðisins hefur verið nýttur til efnistöku og er það norðan við Leiðarendaveg. Ekki hefur verið unnið efni úr námunni að undanfögnu.

Aðkoma að efnistökusvæðinu er um Leiðarendaveg.

2.3 Aðkoma og umferð

Aðkoma að efnistökusvæðinu er um Leiðarendaveg, sem liggur um svæðið og skilur að eldri námu norðan vegar og nýtt efnistökusvæði sunnan hans. Leiðarendavegur er tengivegur í veghaldi Vegagerðarinnar. Veghelgunarsvæði hans er 15 metrar frá miðlinu vegar skv. veglögum nr. 80/2007 sem er sýnt inn á uppdrætti. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.

Vegurinn er lykilinnviður fyrir aðkomu að svæðinu og efnisflutninga. Umferð um svæðið var árið 2023 að meðaltali um 380 ökutæki á dag (ÁDU) (Vegagerðin, e.d.).

2.4 Reykjanesfólkvangur

Efnistökusvæðið er innan Reykjanesfólkvangs. Um Reykjanesfólkvang gildir auglýsing nr. [520/1975](#). Um fólkvanginn gilda eftirtaldir reglur:

1. Fótgangandi fólk er heimil för um allt svæðið og má ekki hindra slíka för með girðingu nema stigar til yfirferðar séu með hæfilegu millibili. Reiðgötum má ekki loka með girðingum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við girðingar um vatnsból og ræktað land enda er umferð óheimil innan slíkra girðinga. Á skógræktargirðingu skulu einungis vera stigar.

¹ Viðbrögð við umsögn Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness




2. Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi [Náttúruverndarstofnunar] komi til.

2.5 Fornleifar

Fornleifaskráning hefur verið framkvæmd á skipulagssvæðinu árið 2017. Við vettvangskönnun voru skráðar alls átta fornleifar undir fimm númerum, þar á meðal minjar tengdar eldri nýtingu svæðisins og vörðum (Bjarni F. Einarsson, 2017). Minjar eru bæði innan og utan skipulagssvæðis.

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar sem eru eldri en 100 ára friðaðar og má hvorki spilla þeim né færa úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Um friðaðar fornleifar gildir almennt 15 m friðhelgað svæði, en friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgunarsvæði frá ystu sýnilegu mörkum (Bjarni F. Einarsson, 2017). Í umsögn Minjastofnunar Íslands við umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar var lögð áhersla á að forðast rask á Dalaleið. Afmörkun efnistökusvæðisins var breytt í kjölfarið þannig að ekki þurfi að raska leiðinni.²



Mynd 2.1 Skráðar fornleifar á og nærri skipulagssvæðinu

² Viðbrögð við umsögn heilbrigðiseftirlitsins.



Númer fornleifar	Sérheiti / Tegund (hlutverk)	Aldur	Frið-lýst	Fjarlægð frá efnistöku svæði (m)	Ástand	Lýsing
2662-76	Undirhlíðarvegur (gata)	1550-1900	Nei	105	Vel greinanleg	Undirhlíðavegur, liðast um meðfram hraunjaðrinum og fjallshlíðunum við Undirhlíðar. Vegurinn liggur frá Kaldárseli í suðvestur meðfram Undirhlíðum. Ólafur Þorvaldsson skrifaði um veginn í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1949: „Fyrst skal hér lýsa þeim vegi, sem mest var farinn og aðallega, þegar farið var með hesta. [...] Frá Kaldárseli lá leiðin yfir smá hraunbelti, unz komið var að Undirhlíðum. Lá vegurinn suður með þeim, víða allsæmilegur, moldar- og mælgötur. Vegurinn liggur yfir eitt hraunhaft, sem Ker heita, og hefur hraun streymt þar upp undan hlíðinni á vinstri hönd þegar suður er farið. Leiðin er stíkuð.
2662-77	Dalaleið (gata)	1550-1900	Nei	6	Vel greinanleg	Leiðin liggur sunnan við Undirhlíðar, frá Kaldárseli suður að Gvendarselshæð, yfir Leiðarendaveg og suður að bæjarmörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Dalaleið, gömul þjóðleið, um 1m breið. Leiðin er stíkuð. Dalaleiðin var sjaldnar farin, þá helst að vetri til, en var samt stýsta og beinasta leiðin. Hún var þó talin sú hægasta og gat verið hættuleg.
2662-96	Varða (kennimark)	1550-1900	Nei	0	Vel greinanleg	Varða, um 0,5m há og botninn er 2,3 x 1,7m. Töluvert hrúnið úr henni en hún stendur efst á einum tinda Undirhlíða og getur blásið mikið á hana.
2662-98	Varða (kennimark)	1550-1900	Nei	150	Vel greinanleg	Efst á ónefndum hól sunnan við Dalaleið (2662-77) og um 500m SV við Leiðarendaveg. Varða, um 1m há, dropalaga. Töluvert hrúnið úr henni. Botninn er um 2,6 x 2m.

2.6 Jarðminjar

Efnistökusvæðið í Undirhlíðum er staðsett í móbergsbeltum á Reykjanesskaga sem eru eitt helsta landslagseinkenni gosbeltisins.

Gvendarselshæð, sem er hluti Undirhlíða, er að mestu leyti úr bólstrabergi sem tilheyrir Kaldárbótanabolstraberginu en ofan á leggjast yngri myndanir eins og móberg og jökulberg. Talverð efnistaka hefur verið úr Gvendarselshæð norðvestan við Bláfjallavegin. Að mati Náttúrufræðistofnunar er jarðfræðin því mjög fjölbreytt og verndargildið hátt á þeim svæðum sem Gvendarselshæðin er lítið röskuð (Náttúrufræðistofnun, 2022).³

Við undirbúning framkvæmdarinnar var byggt á jarðfræðilegri úttekt Alta (2004) sem fól í sér rannsóknarboranir á 49 stöðum sunnan Leiðarendavegar. Á grundvelli þeirra voru kortlagðar helstu bergtegundir svæðisins, þar á meðal bólstraberg, jökulberg, gjall og grágrýti, ásamt þykkt jarðvegslaga og áætluðu vinnanlegu efnismagni. Niðurstöðurnar voru lagðar til grundvallar við afmörkun efnistökusvæðisins⁴.

³ Viðbrögð við umsögn Náttúrufræðistofnunar

⁴ Viðbrögð við umsögnum Náttúruverndarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar



Í nágrenni framkvæmdasvæðisins eru meðal annars Kapelluhraun og Skúlatúnshraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, auk eldgíga á rannsóknarsvæðinu⁵. Afmörkun efnistökusvæðisins tekur mið af þessari greiningu og eru eldhraun eða gjallgígar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013, ekki innan skipulagssvæðisins.

2.7 Útivist

Framkvæmdasvæðið er innan Reykjanesfólkvangs. Fólkvangurinn er mikilvægt útivistarsvæði og er mikið notað til göngu, reiðmennsku og náttúruskoðunar (Áfangastaðastofa Reykjaness, 2025). Göngu- og reiðleiðir liggja við efnistökusvæðið, en engin innan þess eftir að afmörkun efnistökunnar var breytt til að skerða ekki Dalaleið. Þessar leiðir eru mikilvægar fyrir aðgengi og nýtingu svæðisins til útivistar.

2.8 Eignarhald

Undirhlíðar er á landi í eigu Hafnarfjarðarbæjar.

2.9 Háspennulína

Á norðurenda skipulagssvæðisins er Búrfellslína 3 staðsett í um 170 m fjarlægð frá nyrstu mörkum deiliskipulagssvæðisins. Í tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðar er helgunarsvæði línunnar afmarkað sem 65-85 m háð aðstæðum. Það nær hins vegar ekki inn á skipulagssvæðið og takmarkar því ekki framkvæmdir.⁶

Haft verður samráð við Landsnet vegna framkvæmda í nágrenni línunnar til að tryggja áframhaldandi afhendingaröryggi raforku og öryggi þeirra sem vinna á svæðinu eða fara um það.⁷

3 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku frá Hafnarfjarðarbæ skv. skipulagslögum nr. 123/2010.
- Leyfi Náttúruverndarstofnunar fyrir jarðraski innan Reykjanesfólkvangs, sbr. auglýsingu nr. 520/1975 um friðlýsingu hans.
- Leyfi Minjastofnunar ef raska þarf fornleifum samanber lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
- Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness vegna reksturs vinnubúða skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vegna vinnslu jarðefna skv. 112 lið viðauka IV sömu laga.
- Leyfi heilbrigðisnefndar vegna efnistöku sbr. samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

⁵ Viðbrögð við umsögnum Náttúruverndarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar

⁶ Viðbrögð við umsögn Landsnets

⁷ Viðbrögð við umsögn Landsnets



- Leyfi Vegagerðarinnar vegna framkvæmda innan veghelgunarsvæðis og vegna tenginga við Leiðarendaveg, eftir því sem við á⁸.

4 Gildandi skipulagsáætlanir og tengsl við aðrar áætlanir

4.1 Aðalskipulag Hafnarfjarðar

Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013–2025 er fjallað um Undirhlíðanámu. Þar kemur fram efni verði áfram unnið í núverandi námu og stefnt að því að vinna þar eins mikið magn og kostur er.

Í tillögu að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2025–2040, kemur fram stefna sveitarfélagsins um að mæta aukinni efnispörf sem fylgir uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og innviða með því að nýta og stækka núverandi efnistökusvæði fremur en að opna ný svæði. Í því felst að áframhaldandi vinnsla fer fram innan skilgreindra námusvæða, með áherslu á hagkvæma nýtingu efnis og lágmörkun umhverfisáhrifa. Jafnframt er heimilt að geyma efni innan námusvæða til síðari nota, til dæmis í tengslum við gerð varnarmannvirkja

- Samkvæmt almennum skipulagsákvæðum aðalskipulags er efnistaka háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags og starfsleyfi heilbrigðiseftirlits. Fyrir meiri háttar efnistöku skal liggja fyrir deiliskipulag þar sem gerð er grein fyrir umfangi vinnslu, tilhögun framkvæmda og frágangi svæðisins að lokinni efnistöku. Í deiliskipulagi skal meðal annars kveðið á um magn og gerð efnis, vinnslutíma og hvernig staðið verði að frágangi svæðisins, og skal sá frágangur taka mið af landslagi, umhverfi og framtíðarnotkun.
- Skipulagsákvæði fyrir Undirhlíðanámu (E-1) gera ráð fyrir áframhaldandi efnistöku og stækkun námusvæðis. Svæðið er skilgreint um 42,2 ha að stærð og er heimild til efnistöku 5 milljón m³.
- Skipulagsákvæði gera ráð fyrir að umfang, dýpt og tilhögun vinnslu sé í samræmi við niðurstöður umhverfismats og álit Skipulagsstofnunar. Jafnframt er kveðið á um að haft skuli samráð við Vegagerðina vegna vegtenginga og viðeigandi eftirlitsaðila með tilliti til vatnsverndar.

4.2 Deiliskipulag

Fyrir liggur deiliskipulag fyrir svæðið, Deiliskipulag – greinargerð og skipulagsskilmálar fyrir Undirhlíðar í Hafnarfirði, 2007. Með gildistöku breytingartillögu, fellur það skipulag úr gildi.

5 DEILISKIPULAGSTILLAGAN

Deiliskipulagið tekur til afmörkunar efnistökusvæðis, magn og gerð efnis sem má vinna, skilmála um tilhögun vinnslu, mótvægisáðgerðir og vöktun.

5.1 Efnistaka

Efnistökusvæðið er 35,6 ha.

- Efnistaka er heimil innan afmarkaðs efnistökusvæðis skv. deiliskipulagsuppdætti. Óheimilt er að raska landi utan skilgreinds efnistökusvæðis. Efnistökusvæði hefur

⁸ Viðbrögð við umsögn Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu



verið minnkað til að koma í veg fyrir rask á gönguleið (Dalaleið) og fornleifum. Svæðið hefur einnig verið minnkað þannig að það liggi ekki á grannsvæði vatnsverndar.

- Engin efnistaka er heimil norðan nýrrar legu Leiðarendavegar. Heimilt er að geyma og vinna efni þar.
- Heimild til efnistöku er 5 milljónir m³ af föstu efni, aðallega bólstrabergi. Miðað er við að vinnslumagn á ári verði á bilinu 150.000–300.000 m³.
- Gert er ráð fyrir því að efnistaka verði áfangaskipt til að geta tryggt að verklag við efnistöku og umhverfisáhrif hennar séu í samræmi við áætlanir. Miða skal að lágmarki við í fjóra áfanga. Unnið skal að einum áfanga í einu og ekki skal hefja vinnslu á næsta áfanga fyrr en frágangi er lokið eða tekin ákvörðun um annað. Heildarvinnsla innan hvers áfanga skal ekki fara yfir um 1.500.000 m³ og er miðað við að vinnsla hvers áfanga taki um 5 ár.
- Efnistaka skal fara fram með borunum og sprengingum eftir því sem þörf krefur. Efni skal síðan unnið á svæðinu, m.a. með mölun og sigtun.
- Miða skal við að vinna námu sunnan hliðfærðs Leiðarendavegar í sömu hæð og námugólf norðan vegar, í um 100 m hæð yfir sjó. Meðalþykkt vinnanlegs efnis er áætluð á bilinu 40–45 m. Dýpt námu mun taka fullt tillit til mælinga á grunnvatni innan efnistökusvæðis og hæð þess staðfest. Miða skal við að efnistaka fari ekki dýpra en 10 m ofan við staðfest grunnvatnsborð.⁹
- Heimilt er að geyma efni í námu til að nýta til byggingar varnarmannvirkja gegn náttúruvá.
- Óheimilt er að nýta göngu- og reiðleiðir sem akstursleiðir eða fyrir umferð vinnuvéla. Tryggja skal að slíkar leiðir haldist óskertar á framkvæmdatíma.
- Áhættuminnkandi og mótvægisáðgerðir efnisvinnslu vegna vatnsverndar eru eftirfarandi:¹⁰
 - Á fjarsvæði vatnsverndar skal gæta fyllstu varúðar í meðferð hættulegra efna. Lagðar eru til áhættuminnkandi áðgerðir til að koma í veg fyrir mengunarhættu og mótvægisáðgerðir um viðbrögð ef mengun berst í jarðveg, til að brugðist verði strax við ef óhapp verður.
 - Takmörkun á olíuefnum með vali á vinnutækjum og bílum. Skoða skal möguleika á að lágmarka magn olíuefna á svæðinu og möguleika á notkun rafknúinna vinnutækja og ökutækja. Fylgjast skal með tækniþróun og nýta umhverfissvænni kostir þegar þeir bjóðast sem minnka mengunarhættu verulega.
 - Öruggt svæði fyrir vinnutæki. Vinnutækjum og bílum sem ganga fyrir olíu eða eru með glussa verði lagt á öruggu svæði með olífugildru, tilteknu malarefni eða öðrum ráðstöfunum sem gripið geta olíu og vökva sem lekur.
 - Ástandsskoðanir og lekaprófanir. Sjónskoðun á leka og ástandi vinnutækja fari fram daglega og reglulegt eftirlit verði haft með ástandi þeirra.
 - Olíuflutningar og áfylling á vinnutæki. Áfylling olíu á vinnutæki fari fram með þeim hætti að fyllsta öryggis sé gætt. Tækjum verði lagt á öruggu svæði og við áfyllingu á þau standi dælumaður yfir dælunni, fylgist með allan tímann og dæluslangan verði ekki dregin út fyrir örugga svæðið. Dælumenn hafi ADR réttindi. Sækja skal um leyfi heilbrigðisnefndar fyrir flutningum á olíu.

⁹ Viðbrögð við umsögn heilbrigðiseftirlits.

¹⁰ Áðgerðir byggja á áhættumati vatnsverndar vegna framkvæmda. Bætt við vegna umsagnar heilbrigðiseftirlits.



- Magn olíu á tankbílum. Setja má takmarkanir á hámarks magni olíu sem flytja má í tankbíl inn á svæðið til áfyllingar á vinnutæki.
- Mengunarvarnar búnaður. Öll vinnutæki og stærri bílar hafi hreinsibúnað, t.d. skóflur, ígleypiefni, ísogsmottur, vökvapétta dúka, tappasett til að stöðva leka og lekabyttur. Grafa sé til staðar til að aðstoða og moka upp ef t.d. tæki lendir í óhappi.
- Stýring á umferð. Innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis verði umferð vinnutækja og bíla stýrt til að fyrirbyggja óhöpp. Gott skipulag verði í kringum olíuflutninga þegar tankbíll kemur inn á svæðið.
- Vegslóðar, plön og akstursleiðir. Yfirborð á nýjum vegi að fyrirhuguðu efnistökusvæði verði lagt steinsteypu eða malbiki sem gerir undirlagið þéttara og hleypir olíu síður í gegn. Þannig verði hægt fanga olíu sem færi niður við leka eða óhapp. Vegaxlir verði með efnum sem hafa góða viðloðun og geti því að sama skapi haldið olíu. Breidd vegar verði nægjanleg svo að dregið verði úr hættu árekstrum og að meta skal þörf á mætingarútskotum.
- Varasöm efni. Forðast verði að nota hættumerkt efni á fyrirhuguðu efnistökusvæði eða í starfsmannaaðstöðu og velja ætti umhverfisvæn efni ef kostur er. Hættumerkt efni verði geymd á tryggum stað og gengið úr skugga um að enginn leki sé frá umbúðum eða geymslum.
- Úrgangur. Vandað sé til verka við meðhöndlun og söfnun úrgangs og spilliefna til fyrirbyggja leka frá ílátum. Úrgangi og spilliefnum skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.
- Fráveita og salerni. Vanda sé til verka við uppsetningu á salernum í starfsmannaaðstöðu. Óheimilt er að farga seyru á svæðinu og því skal nota safntank. Gætt skal vel að verklagi við tæmingu og flutning á seyru í dælubíl eða safntanki burt af svæðinu. Ef bíll með seyru veltur skal seyra hreinsuð upp eins fljótt og mögulegt er.
- Viðbragðsáætlun. Viðbragðsáætlun skal sett fram fyrir efnistökusvæðið sem lýsir því hvað skuli gera ef óhapp verður og mengun jarðvegs, hvaða hreinsibúnað eigi að nota og hvaða aðila beri að upplýsa.
- Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisáætlun. Gerð veðri öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisáætlun (ÖHU) fyrir efnistökusvæðið þar sem tekið er á þáttum sem lúta að mengunarhættu, öryggi og umgengni á svæðinu.
- Þjálfun fyrir verktaka og starfsfólk. Þjálfun verktaka og starfsfólks á fyrirhuguðu efnistökusvæði verði tryggð, m.a. með námskeiði um ÖHU mál og helstu hættur varðandi mengun jarðvegs og grunnvatns, viðbragðsáætlanir og hreinsibúnað.
- Takmarkanir á vinnu við ótryggar aðstæður. Tekið verði mið af aðstæðum á hverjum tíma og að áætlun gerð um takmörkun á vinnu ef þarf vegna náttúrulegra aðstæðna og viðbragðsáætlun vegna náttúruvár eins og jarðskjálfta. Sett verði verklag varðandi hákuvarnir og tíðni vetrarþjónustu á svæðinu.

5.2 Færsla vegar og aðkoma

Útfærsla á endanlegri legu Leiðarendavegar er í vinnslu ásamt aðkomu að efnistökusvæði. Haft verður samráð við Vegagerðina vegna útfærslu vegar og verður tekið mið af gildandi veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Ný tenging við Leiðarendaveg



og breytingar á vegi skulu vera útfærðar í samráði við Vegagerðina og háðar samþykki hennar¹¹.

- Aðkoma að efnistökusvæðinu er frá Leiðarendavegi. Gert er ráð fyrir að tenging verði við norður- og suðurhluta efnistökusvæðisins á sömu vegamótum.
- Deiliskipulagið heimilar færslu á Leiðarendavegi innan skipulagssvæðis. Hann færir norðar og liggja utan vinnslusvæða efnistöku. Um leið er tilgangurinn að tryggja greiða og örugga umferð fram hjá svæðinu.
- Veghelgunarsvæði Leiðarendavegur er 15 m til hvorrar handar frá miðlínu vegar (alls 30 m). Veghelgunarsvæði mun gilda fyrir núverandi veg, þar til hann verður færður.¹²
- Við útfærslu á legu og uppbyggingu vegarins skal leitast við að bæta umferðaröryggi, meðal annars með því að draga úr halla og huga að sjónlengdum. Leiðarendavegur er lokaður frá Leiðarenda til austurs vegna vatnsverndar. Í tillögu að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2025-2040 er lögð áhersla á að vegurinn verði lagfærður og opnaður aftur á skipulagstímabilinu. Samráð skal eiga við Vegagerðina um útfærslu vegarins.
- Við endanlega hönnun vegar og vegamóta skal uppfylla gildandi hönnunarkröfur Vegagerðarinnar, þar á meðal varðandi vegtengingar, langhalla, fláa, hornréttu tengingu hliðarvega, bundið slitlag, umferðaröryggi og aðgerðir til að koma í veg fyrir að búfé komist inn á þjóðveg:
 - Móta skal hliðarveg þannig að hann verði hornrétt á veg og jafnhár a.m.k. 20 m næst þjóðvegi.
 - Á vegamótum þar sem gengið er frá vegi með bundnu slitlagi skal það ná 12m inn að efnisvinnslusvæði í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að mól berist inn á hann.
 - Langhalli tenginga skal vera að hámarki 2,5% að minnsta kosti 6m frá kantlínu Leiðarendavegar.
 - Fláar tenginga inn á aðalveg skulu vera 1:6 í að lágmarki 8m frá kantlínu Leiðarendavegar.¹³

5.2.1 Efnisflutningur og umferð

Á vinnslutíma efnistökusvæðisins er gert ráð fyrir aukinni umferð til og frá svæðinu vegna efnisflutninga. Líklega verður efnið þó að mestu leyti flutt í Hafnarfjörð og/eða á höfuðborgarsvæðið. Þar af leiðandi munu efnisflutningar fara um Leiðarendaveg, Krýsuvíkurveg og líklega Reykjanesbraut.

5.3 Reið- og gönguleiðir

- Göngu- og reiðleiðir innan og í nágrenni skipulagssvæðisins skulu haldast óbreyttar vegna efnistöku. Afmörkun efnistökusvæðis skal taka mið af legu leiðanna þannig að tryggt sé að þær haldist opnar og óskertar á framkvæmdatíma og að framkvæmdum loknum.
- Óheimilt er að nýta göngu- og reiðleiðir sem akstursleiðir, vinnusvæði eða undir efnisgeymslur. Gæta skal þess að yfirborð leiða raskist ekki og að aðgengi að þeim skerðist ekki vegna framkvæmda.
- Á framkvæmdatíma verður leitast við að tryggja öryggi útivistarfólks.

¹¹ Viðbrögð við umsögn Vegagerðarinnar

¹² Viðbrögð við umsögn Vegagerðarinnar

¹³ Viðbrögð við umsögn Vegagerðarinnar



5.4 Fornleifar

- Merkja skal minjarnar á meðan efnistöku- og efnisflutningum stendur svo þeim verði ekki spillt í ógáti:
 - Undirhlíðarvegur (2662-76), þar sem hann er í um 180 m frá útmörkum efnistökusvæðis
 - Varða (2662-98), sem er í um 70 m fjarlægð frá útmörkum efnistökusvæðis.
- Ekki er heimilt að raska Dalaleið (2662-77) sem liggur meðfram útmörkum efnistökusvæðisins.
- Samkvæmt Minjastofnun Íslands er heimilt að raska vörðu (2662-96), þar sem hún er á miðju efnistökusvæðinu og er óhjákvæmilegt að henni verði raskað. Fyrirliggjandi skráning er að mati Minjastofnunar fullnægjandi rannsókn.¹⁴
- Óheimilt er að raska skráðum fornleifum innan eða í nágrenni skipulagssvæðisins nema með leyfi Minjastofnunar Íslands, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Virða skal friðhelgunarsvæði fornleifa í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að nýta svæði í kringum fornleifar sem akstursleiðir, geymslusvæði, vinnusvæði eða undir efnisgeymslur nema að fengnu leyfi Minjastofnunar Íslands. Komi í ljós áður óþekktar fornleifar við framkvæmdir skal stöðva framkvæmdir á viðkomandi svæði án tafar og hafa samráð við Minjastofnun Íslands um framhald máls, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012.


5.5 Vatnshlot og vatnsvernd

Fyrirhugað efnistökusvæði og aðkomuvegur eru að mestu leyti innan fjarsvæðis vatnsverndar og að hluta til innan grannsvæðis vatnsverndar. Straumsvíkurstraumur (nr. 104-265-G) er grunnvatnshlotið undir fyrirhuguðu efnistökusvæði og Leiðarendavegi (mynd 5.1). Flatarmál þess er 333,1 km² og um er að ræða sprunguveiti (lekur berggrunnur) með miklu grunnvatnsrennsli (Vatnavefsjá, 2026). Grunnvatnsrennsli í Straumsvíkurstraumi er talið vera um 10 m³/sek (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2018). Grunnvatnshæð (dýpi niður á grunnvatn) undir svæðinu er líklega á 70-80 metra dýpi (Árni Hjartarson, Einar Gunnlaugsson, Freysteinn Sigurðsson, Jón Jónsson, & Kristján Sæmundsson, 1992). Stefna grunnvatnsstraums liggur nokkurn veginn beint til Straumsvíkur, í norðvestur stefnu. **Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.** sýnir reiknað grunnvatnsrennsli og legu megin grunnvatnsskila á höfuðborgarsvæðinu (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2018) og má sjá að rennsli grunnvatns sé til suðvesturs, frá vatnsbólum.


Fjarsvæði er aðalákomusvæði fyrir grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðar vatnsbólum. Vatnsból Hafnarfjarðar er staðsett í sigdal í Kaldárbotnum sem er í tæplega 3 km fjarlægð frá fyrirhuguðu efnistökusvæði. Fyrirhugað framtíðarvatnsból er í Fagradal, í um 3,5 km fjarlægð sunnan við efnistökusvæðið.

Í Vatnavefsjá kemur fram að efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins er óþekkt. Í álagsgreiningu er grunnvatnshlotið ekki metið í hættu eða óvissu. Þekkt álag er skráð á það vegna iðnaðarstarfsemi á völlum (Vatnavefsjá, 2026).

¹⁴ Umsögn Minjastofnunar Ísland, dags. 19.11.2025, við umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku úr Undirhlíðum.



Mynd 5.1 Straumsvíkurstraumur er grunnvatnshlotið undir fyrirhuguðu efnistökusvæði. Efnistökusvæðið er afmarkað með appelsínugulum lit.



Mynd 5.2 Reiknað grunnvatnsrennsli og lega megin grunnvatnsskila á höfuðborgarsvæðinu (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2018). Staðsetning fyrirhugaðs efnistökusvæðis er innan appelsínugula hringins.

Unnið var áhættumat og áhrifamat á vatnshlot í umhverfismatsvinnu Hafnarfjarðar vegna efnistökkunar. Ekki er talið að fyrirhugaðar framkvæmdir og rekstur efnistökusvæðis geti valdið því að ástand grunnvatnshlotsins Straumsvíkurstraums geti rýrnað og fallið um ástandsflokk né að neikvæð áhrif verði á vatnsverndarsvæði og vatnsból í grenndinni. Þessi niðurstaða tekur einkum mið af því að ekki verði farið dýpra en 100 m y.s., að grunnvatnsstraumar falli ekki í átt að vatnsbólinu í Kaldárbotnum og að áhættuminnkandi aðgerðir verði viðhafðar og viðbragðsáætlun til staðar gagnvart mengunarhættu og óhöppum. Áður en farið verður í framkvæmdir verður farið í mælingar á grunnvatni innan efnistökusvæðis og hæð þess staðfest. Reglubundin vöktun á stöðu grunnvatnsins verður á rekstrartíma sem Hafnarfjarðarbær og rekstraraðili bera ábyrgð á.¹⁵

¹⁵ Viðbrögð við umsögn Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness



Á fjarsvæði vatnsverndar skal gæta fyllstu varúðar í meðferð hættulegra efna. Lagðar eru til áhættuminnkandi aðgerðir til að koma í veg fyrir mengunarhættu og mótvægisáðgerðir um viðbrögð ef mengun berst í jarðveg, til að brugðist verði strax við ef óhapp verður. Skilgreindar hafa verið áhættuminnkandi aðgerðir (Hafnarfjörður, 2025) sem koma fram í kafla 5.1.

Ekki er talið að framkvæmdin hafi veruleg áhrif á vatnshlot að því gefnu að farið sé eftir mótvægisáðgerðum og skilmálum og tekur Veðurstofa Íslands undir það í umsögn sinni um vinnslutillögu skipulagsins.

- Við efnistöku skal tryggja að ekki verði neikvæð áhrif á grunnvatn, vatnshlot eða vatnsverndarsvæði. Framkvæmd skal uppfylla kröfur laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og miða að því að vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum.
- Óheimilt er að menga jarðveg eða vatn, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.
- Meðhöndlun eldsneytis og annarra hættulegra efna skal vera í samræmi við gildandi reglur þannig að mengun grunnvatns sé útilokuð.

5.6 Hljóðvist

Á vinnslutíma efnistökkunnar má búast við ónæði vegna vinnslu efnis og umferðar vinnutækja, ásamt efnisflutningum. Framkvæmdir eru taldar hafa óverulega neikvæð áhrif á hljóðvist. Áhrifin eru staðbundin og tengjast fyrst og fremst þeim sem sækja svæðið til útivistar. Ekki er talið að áhrifa gæti á íbúðabyggð, sem eru í nokkurri fjarlægð frá efnistökusvæðinu.

5.7 Framkvæmdatími

Miðað er við að framkvæmdir fyrir hvern áfanga verði allt að 5 ár. Heildarframkvæmdatími fyrir Undirhlíðarnámu er 20 ár. Heimilt er að geyma efni í námunni til lengri tíma en 20 ár.

5.8 Frágangur

Að efnistöku lokinni skal svæðið vera hreinsað, mótað og grætt upp að lokinni vinnslu. Móta skal land þannig að það samræmist náttúrulegu yfirborði og forðast skal skörp skil eða brattar hlíðar. Frágangur efnistökusvæðis skal fara fram samhliða vinnslu eftir því sem kostur er og skal hver áfangi mótaður, hreinsaður og græddur upp áður en næsti áfangi hefst. Að framkvæmdum loknum er gert ráð fyrir að svæðið verði áfram nýtanlegt til útivistar. Sá fyrirvari er þó á frágangi, að heimilt er að geyma efni til að nýta í gerð varnarmannvirkja vegna náttúruvár.

- Efni sem ekki er nýtt skal jafnað út innan svæðisins eða fjarlæggt, nema gert sé ráð fyrir geymslu þess til síðari nota samkvæmt skipulagi.
- Gróðursetning verður einskorðuð við tegundir sem falla undir skilgreininguna „Íslenskur gróður“ eða „náttúrulegur gróður“. Við uppgræðslu verði notaðar svipaðar tegundir og eru á svæðinu.
- Gæta skal þess að framkvæmdir og frágangur stuðli ekki að frekari útbreiðslu ágengra tegunda, svo sem lúpínu.¹⁶

¹⁶ Viðbrögð við umsögn Náttúrufræðistofnunar



- Tryggja skal að yfirborð verði stöðugt og að ekki skapist hætta á rofi eða foktjóni. Gera skal ráð fyrir uppgræðslu svæðisins eftir því sem við á, með það að markmiði að draga úr rofi og bæta ásýnd svæðisins.
- Við frágang skal taka tillit til vatnsverndar og tryggja að ekki verði hætta á mengun grunnvatns.
- Óheimilt er að skilja eftir úrgang, spilliefni eða búnað á svæðinu.

6 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Umhverfismatsskýrsla deiliskipulags byggir á umhverfismatsskýrslu Hafnarfjarðar um efnistöku í Undirhlíðanámu (2025) og áliti Skipulagsstofnunar um umhverfismatið (2026).

Umhverfismat fyrir efnistöku í Undirhlíðum tekur til helstu umhverfispáttanna sem líklegt er að verði fyrir áhrifum framkvæmdarinnar. Matið byggir á greiningu á grunnástandi, mati á áhrifum og tillögum að mótvægisáðgerðum fyrir hvern þátt fyrir sig. Helstu umhverfispættir eru eftirfarandi:

- **Jarðminjar** – jarðmyndanir og jarðfræðileg sérkenni svæðisins.
- **Vatnshlot og vatnsvernd** – grunnvatn, vatnsverndarsvæði og áhrif á vatnsgæði.
- **Lífriki** – gróðurfar og dýralíf á og í nágrenni framkvæmdasvæðis.
- **Ásýnd og landslag** – landslagsheildir og sjónræn áhrif framkvæmdar.
- **Útivist og ferðapjónusta** – aðgengi að svæðinu og upplifun útivistarfólks.
- **Samgöngur** – breytingar á umferð og aðgengi vegna framkvæmdar.
- **Fornleifar** – skráðar menningarminjar og vernd þeirra.
- **Hljóðvist** – hávaði frá framkvæmdum, þar á meðal sprengingum og efnisvinnslu.

Eftirfarandi tafla er yfirlit yfir umhverfispætti sem teknir eru til skoðunar og helstu matsspurningar sem lagðar eru til grundvallar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar.

Tafla 6.1 Yfirlit yfir umhverfispætti og matsspurningar

Umhverfispáttur	Matsspurning
1. Vatnshlot og vatnsvernd	
Viðmið og gögn: • Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 • Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 • Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 • Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999 • Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 • Reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun nr. 535/2011 • Reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011 • Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017 • Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit • Reglugerð um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 • Samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. • Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot. Leiðbeiningar fyrir framkvæmdaaðila, rekstraraðila, ráðgjafa og sveitarfélög um hvernig beri að framkvæma	Hefur áætlun áhrif á: • Er líklegt að framkvæmd hafi neikvæð áhrif á grunnvatn og vatnsvernd byggð á áhættumati? • Hvað verður gert til að lágmarka hættu á mengun í grunnvatni og á vatnsverndarsvæðum? • Mun fyrirhuguð framkvæmd valda því að grunnvatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum?



mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot, Umhverfisstofnun 2024 - Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands, Umhverfisstofnun, 2013 - Vatnaáætlun Íslands 2022-2027, Umhverfisstofnun, 2022 - Vatnavefsjá Umhverfisstofnunnar - Kortasjá Orkustofnunar	
2. Jarðminjar	
Viðmið og gögn: - Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd Kortasjá Náttúrufræðistofnunar - Íslands yfir sérstaka vernd Jarðfræðikort ISOR (ISOR, 2020). - Efnistöðukusvæði við Undirhlíðar – Hagkvæm nýting og skipulag og mat á verndargildi jarðmyndana og landslagsheilda (Alta, 2003) - Úttekt á náttúrufari vegna Lyklafellslínu 1 (Náttúrufræðistofnun, 2022)	Hefur áætlun áhrif á: - Eru jarðminjar sem þykja sérstæðar eða njóta verndar innan áhrifasvæðis framkvæmda? - Mun framkvæmd koma til með að raska eða draga úr verndargildi jarðminja? - Hvert verður umfang rasks vegna framkvæmda? - Eru líkur á því að framkvæmd hafi áhrif á verndargildi Reykjanesfólkvangs?
3. Lífríki á landi	
Viðmið og gögn: - Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd - Lög nr. 33/2019 um skógrækt • Náttúruminjasrá, náttúruverndarsvæði og yfirlit yfir friðlýst svæði. - Alþjóðlegur samningur um líffræðilegan fjölbreytni og Bernarsamningurinn. - Úttekt á náttúrufari vegna Lyklafellslínu 1 (Náttúrufræðistofnun, 2022)	Hefur áætlun áhrif á: - Hvaða vistgerðir eru á áhrifasvæði framkvæmda og hvert er verndargildi þeirra? - Eru vistkerfi innan áhrifasvæðis sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd? - Mun framkvæmd skerða svæði sem nýtur verndar eða telst hafa hátt eða mjög hátt gildi vegna gróðurfars og vistgerða? - Er líklegt að framkvæmdin komi til með að fjölga eða fækka fuglategundum á svæðinu? - Mun framkvæmdin koma til með að hafa áhrif á fugla sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands? - Eru mikilvæg fuglasvæði innan áhrifasvæða framkvæmda? Eru þar mikilvæg búsvæði og/eða varpsvæði? - Hvernig fellur fyrirhuguð framkvæmd að alþjóðlegum samningum um verndun sbr. Bernarsamninginn og Samningi um líffræðilega fjölbreytni? - Hver eru möguleg áhrif framkvæmdar á fuglalíf og búsvæði þeirra?
4. Fornleifar	
Viðmið og gögn: - Lög nr. 80/2012 um menningarminjar - Fornleifaskrá Hafnarfjarðar IX – Kaldársel og nágrenni, Byggðasafn Hafnarfjarðar, 2021	Hefur áætlun áhrif á: - Eru þekktar fornleifar/menningarminjar/herminjar á áhrifasvæði framkvæmdar og hvar eru þær staðsettar? - Eru fornleifar innan athugunarsvæðis sem eru sérstaklega friðlýstar samkvæmt lögum um menningarminjar? - Verða fornleifar fyrir raski vegna framkvæmdar og hvert er umfang rasks? - Hvaða mótvægisaðgerðir gætu dregið úr áhrifum framkvæmdar á minjar? - Er ástæða til að vakta sérstaklega fornminjar á svæðinu, mögulegar breytingar á þeim og þá hvar?
5. Ásýnd og landslag	
Viðmið og gögn: - Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd - Landslagssamningur Evrópu - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013–2025 - Landslag á Íslandi – flokkun og kortlagning landslagssgerða á landvísi, Efla, 2020	Hefur áætlun áhrif á: - Hver eru helstu einkenni ásýndar og landslags á svæðinu? - Hvaða áhrif mun framkvæmdin hafa á landslagið og gildi þess? - Koma mannvirki og rask vegna framkvæmda til með að sjást frá fjölförnum stöðum, t.a.m. vegum, íbúðarsvæði eða útivistarsvæði? - Hver verða áhrifin frá ákveðnum sjónarhornum m.t.t. vinsælla ferðaleiða og áningarstaða?



	- Mun fyrirhuguð framkvæmd hafa áhrif á landslag sem telst ósnortið, einstakt og/eða sjaldgæft? - Hvert er umfang rasks á óröskuðu landi?
6. Útivist og ferðapjónusta	
Viðmið og gögn: - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013–2025 - Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd - Áhrif Suðurnesjalínu 2 á ferðapjónustu og útivist, Rannsóknamiðstöð ferðamála, 2018	Hefur áætlun áhrif á: - Kemur framkvæmd til með að skerða aðgengi að gönguleiðum eða útivistarsvæðum sem liggja í nágrenni framkvæmdasvæðisins? - Hver eru líkleg áhrif framkvæmda á útivist og ferðapjónustu? - Eru líkur á að framkvæmd breyti upplifun þeirra sem fara um gönguleiðirnar eða útivistarsvæðið við framkvæmdasvæðið? - Hefur framkvæmd áhrif á Græna trefilinn, Græna stíginn eða Strandstíginn sbr. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040?
7. Samgöngur	
Viðmið og gögn: - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013–2025 - Vefsja Vegagerðarinnar yfir umferð og slysatíðni	Hefur áætlun áhrif á: Hver eru líkleg áhrif framkvæmda á samgöngur á framkvæmdatíma?
8. Hljóðvist	
Viðmið og gögn: Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða	Hefur áætlun áhrif á: - Hverjar verða helstu uppsprettur hávaða á framkvæmdatíma? - Hvernig mun framkvæmd koma til með að breyta hljóðvist í nágrenni framkvæmdasvæðis? - Munu gildin fyrir hljóðvist vera innan viðmiðunarmarka samanber reglugerð nr. 724/2008 um hávaða? - Með hvaða hætti munu sprengingar vegna efnistöku fara fram og hvaða áhrif kunna þær að hafa í för með sér varðandi hljóðvist og titring?

Í umhverfismati skipulagsins voru til skoðunar valkostir um afmörkun efnistökusvæðis og legu Leiðarendavegar. Við matið voru metin áhrif þessara valkosta á helstu umhverfisþætti, þar á meðal jarðminjar, vatnshlot og vatnsvernd, lífríki, ásynd og landslag, útivist, samgöngur, fornleifar og hljóðvist. Niðurstaða matsins bendir til þess að efnistaka sunnan Leiðarendavegar, með breytingu á legu hans, sé ákjósanlegasti kosturinn með tilliti til nýtingar efnis og umhverfisáhrifa.

Framkvæmdirnar eru í heild taldar hafa óverulega til talsvert neikvæð áhrif á umhverfið. Neikvæð áhrif koma helst fram á ásynd og landslag, en einnig jarðminjar, útivist, ferðapjónustu og samgöngur. Með mótvægisáðgerðum eru framkvæmdirnar taldar hafa óverulega neikvæð áhrif á vatnshlot og vatnsvernd, lífríki, fornleifar og hljóðvist.

Forsendur efnistökkunnar snúa að því að styðja við byggðapróun og uppbyggingu í Hafnarfirði. Vöxtur Hafnarfjarðar, uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og framkvæmdir við samgöngu-, hafnar- og orkuinnviði kalla á verulega þörf fyrir jarðefni á komandi árum. Brýn nauðsyn er að mæta þörfum samfélagsins til búsetu og atvinnu og eru stækkuð efnistökusvæði hluti af því.



Tafla 6.2 Samantekt umhverfisáhrifa

Umhverfisþáttur	Vægis Einkunn
Vatnshlot og vatnsvernd	Óverulega neikvæð áhrif
Jarðminjar	Óveruleg til talsvert neikvæð áhrif
Lífriki	Óverulega neikvæð áhrif
Ásýnd og landslag	Talsvert neikvæð áhrif
Útivist og ferðaþjónusta	Óveruleg til talsvert neikvæð áhrif
Samgöngur	Óveruleg til talsvert neikvæð áhrif
Fornleifar	Óveruleg áhrif
Hljóðvist	Óveruleg áhrif

7 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Tillaga verður kynnt í skipulagsgáttinni. Leitað verður til lögbundinna umsagnaraðila. Stefnt er að frekara samráði við Vegagerðina, heilbrigðiseftirlitið og Náttúruverndarstofnun við frekari útfærslu framkvæmda. .

8 Heimildir

ALTA. (2004). Matsskýrsla. Fyrir efnistöku í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær.

Efla. (2020). Landslag á Íslandi – flokkun og kortlagning landslagsgerða á landvísu

Náttúrufræðistofnun Íslands (2022). *Úttekt á náttúrufari vegna Lyklafellslínu 1. Unnið fyrir Landsnet. NÍ-22002. Mars 2022.*

Vatnavefsjá. (16.07.2026). Stjórn vatnamála. Sótt frá Vatnavefsjá: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-257-G>

Vegagerðin. (e.d.). *Umferðartölur*. Sótt af <https://umferd.vegagerdin.is/>

Hafnarfjarðarbær. (2026). *Tillaga að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2025–2040*

Hafnarfjarðarbær. (2025). *Efnistaka í Undirhlíðum, Hafnarfjarðarbæ. Umhverfismatsskýrsla. September. VSÓ Ráðgjöf.*

Skipulagsstofnun. (2026). *Álit um umhverfismat framkvæmdar. Efnistaka í Undirhlíðum, Hafnarfjarðarbæ. Reykjavík, 4. febrúar 2026.*

Hafnarfjarðarbær. (2007). *Deiliskipulag Undirhlíða – greinargerð og skipulagsskilmálar.*

Bjarni F. Einarsson. (2017). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Undirhlíðum, Hafnarfirði.*

Áfangastaðastofa Reykjaness. (2025). *Reykjanesfólkvangur*. Sótt af <https://www.visitreykjanes.is>